

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 1062/2004, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

2. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar út kjörtímabilið.

Sá kjörinn fulltrúi, sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn, kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í bæjarstjórn átt jafnlengi setu í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

#### 2. gr.

8. gr. samþykktarinnar fellur brott. Númer síðari greina samþykktarinnar breytast til samræmis við þessa breytingu, svo og tilvísanir í þær greinar.

#### 3. gr.

Í stað „kl. 17“ í 1. mgr. 43. gr. samþykktarinnar kemur: kl. 16.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. samþykktarinnar:

a) Við 1. tölul. A-liðar bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Bæjarráð fer með málefni atvinnumálasjóðs.

b) 10. tölul. B-liðar fellur brott. Breytast númer annarra töluliða í B-lið til samræmis.

c) 6. tölul. B-liðar verður svohljóðandi:

*Félagsmálanefnd.* Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara. Þeir eru fulltrúar í fimm manna nefnd sem er sameiginleg nefnd Borgarfjarðarhrepps, Breiðdalshrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps og Vopnafjarðarhrepps. Bæjarstjórn skipar formann en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Nefndin fer með málefni félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, barnavernd skv. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og málefni aldraðra skv. 5. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989.

d) 8. tölul. B-liðar verður svohljóðandi:

*Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal skipuð sömu fulltrúum og skipaðir eru í félagsmálanefnd. Nefndin fer með húsnæðismál samkvæmt samþykkt um húsnæðisnefnd og skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.

e) 10. tölul. B-liðar verður svohljóðandi:

*Dreifbýlis- og hálendisnefnd.* Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara. Þar af skal a.m.k. einn aðalmaður vera kjörinn aðal- eða varabæjarstjórnarfulltrúi. Þess verði gætt að fulltrúar nefndarinnar komi sem víðast úr sveitarfélaginu. Hlutverk nefndarinnar er að fara með málefni dreifbýlis og hálendisins samkvæmt samþykkt um dreifbýlis- og hálendisnefnd.

f) 12. tölul. B-liðar verður svohljóðandi:

*Ungmennaráð.* Ellefu fulltrúar og ellefu til vara skipaðir af grunn- og framhaldsskólum innan sveitarfélagsins ásamt fulltrúum frá félagsamtökum. Ráðið gerir tillögur til bæjarstjórnar um málefni ungmenna. Það er skipað samkvæmt samþykktum um ungmennaráð.

g) 15. tölul. B-liðar verður svohljóðandi:

*Landbótasjóður Norður-Héraðs.* Þrír fulltrúar og þrír til vara samkvæmt 6. grein skipulagsskrár fyrir sjóðinn. Tveir af þremur stjórnar- og varastjórnarmönnum skulu vera búsettir eða vera eigendur lands á vatnasvæði Jökulsár á Dal. Bæjarstjórn skipar formann sjóðstjórnar. Nefndin fer með málefni landbótasjóðsins samkvæmt skipulagsskránni.

h) 16. tölul. B-liðar verður svohljóðandi:

*Brunavarnir á Héraði.* Tveir fulltrúar og tveir til vara. Fulltrúar í þriggja manna stjórn brunavarna, sem er sameiginlegur rekstur sveitarfélaga á Fljótsdalshéraði. Stjórnin skiptir með sér verkum.

i) 9. tölul. B-liðar verður svohljóðandi:

*Ráðgjafanefnd um uppgræðslustarf.* Fljótsdalshérað skipar einn fulltrúa í þriggja manna ráðgjafanefnd um uppgræðslustarf í samræmi við 10. gr. skipulagsskrár Landbótasjóðs Norður-Héraðs og 3. gr. samkomulags milli Landsvirkjunar og virkjunarnefndar Norður-Héraðs um ýmis mál sem tengjast Kárahnjúkavirkjun, frá 10. september 2002 og viðauka með því. Aðrir fulltrúar í nefndina eru skipaðir af Landsvirkjun og Landgræðslunni.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 10. ágúst 2006.*

F. h. r.

**Sesselja Árnadóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Stefanía Traustadóttir.*